

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1994

6. júlí 1994

1219

Nr. 391

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Keflavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. júní 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002, sem staðfest var 23. september 1983, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

– Lóð við Framnesveg, áður lóð frystihúss norðvestan við sundhöll, breytist úr iðnaðarsvæði í íbúðarsvæði. Jafnframt færist vegur norðaustur fyrir sundhöll og tengist Básvegi í stað Hrannargötu.

– Svæði norðan og austan við Vatnsnes breytist úr íbúðasvæði í iðnaðarsvæði.

– Ströndin sem er iðnaðarsvæði breytist í friðlýst svæði.

Bæjarstjórn Keflavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

4. júlí 1994

Nr. 392

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglu um umferð í Egilsstaðabæ.

Hámarkshraði á Reynivöllum er 30 km.

Regla þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 4. júlí 1994.

Helgi Jensson fulltrúi.